



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Vorönn 2018

## TÖVÉ2VE05

<b>Kennari:</b>	<b>Borgþór Helgason</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>BH</b>
-----------------	-------------------------	---------------	-----------

### Áfangalýsing

Nemendur öðlast grunnþekkingu á virkni og notkun tölvustýrðra iðnaðarvéla. Þeir kynna öllum öryggisatriðum í umgengni við slíkar vélar. Nemendur geta smíðað grip samkvæmt teikningu í tölvustýrðri iðnaðarvél (rennibekk, fræsivél, skurðarvél, suðuþjark eða beygjuvél).

**Undanfari:** TTÖ 103 Æskileg námsönn: 6.

**Þekkingarviðmið:** Að loknu námi í áfanganum á nemandi að þekkja:

- hnitakerfið, Cartesian og pólur
- gang tölvustýrðra véla
- hegðun x-y-z ása
- mælinga- og aflestrarkerfi sem notuð eru við tölvustýrðar vélar
- mismun á ISO- og díalóg-forritum
- mun á G- og M-skipunum
- mismun forrita fyrir ýmsar gerðir tölvustýrðra véla (blikksmíðavélar, fræsivélar, skurðarvélar, o.fl.)
- flutning og geymslu gagna
- öryggismál og umgengni við tölvustýrðar vélar

**Leikni viðmið:** Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- forrita einfalt ISO-forrit
- velja verkfæri, skurðarhraða / snúningshraða og færslur
- stilla núllpunkta fyrir tölvustýrðar vélar
- setja upp verkfæri

- leiðréttar mælingar
- velja uppstillingar
- sækja forrit og sent inn á einmenningstölvu og tölvustýrða vél.

Skilyrði fyrir því að þessum áfanga sé náð, er að nemendur ljúki við gerð verkefna og skili fagbóklegum verkefnum. Verklegr verkefni 60%. Fagbókleg verkefni 20%. Umgengni 10% Ástundun 10%.